



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 8/2025 (nr. 116)

Dagsetning: 27.11. 2025 kl. 15:00-16:30

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL), Sveinn Margeirsson (SM), Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Laufey Haraldsdóttir (LH), varafulltrúi og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS) tilkynnti forföll. Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 116. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 116
- 2) Fundargerð fundar nr. 115
- 3) Fréttir úr starfi skólans.
- 4) Kynning á Hestafræðideild – Víkingur Gunnarsson kemur inn á fundinn.
- 5) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 6) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 7) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 8) Fjárhagsáætlun 2026 – Edda Matthíasdóttir kemur inn á fundinn.
- 9) Önnur mál.
 - a) Erindi frá Erni Karlssyni.

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar nr. 116. Samþykkt.
2. Fundargerð fundar nr. 115. Samþykkt.
3. Undir liðnum fréttir úr starfi skólans fór rektor yfir það helsta úr starfsemi skólans síðustu misserin. M.a. heimsókn háskólaráðherra og fulltrúa frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu þann 17. Nóvember. Í heimsókninni voru framtíðaráform HH kynnt og áhersla lögð á uppbyggingu lagareldishúss á Sauðárkróki og kaup á hesthúsinu Brúnastöðum. Þann 13. Nóvember skrifaði Háskólinn á Hólum undir samning um samstarf um stofnun Þörungakjarna á Breið á Akranesi ásamt fleiri stofnunum, fyrirtækjum og háskólum.
4. Kynning á Hestafræðideild. Víkingur Gunnarsson forfallaðist og því féll þessi liður niður.



5. Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Áfram er unnið í verkefninu innan beggja skóla. Tvær vinnustofur hafa verið haldnar á Hólum, ein vinnustofa með Stofnun Rannsóknasetra HÍ um aukið samstarf við Setrin í tengslum við komu þeirra til HH með eflingu beggja aðila, þ.e. Setranna og HH að markmiði. Önnur vinnustofa var á Hólum um markaðs- og kynningarmál innan samstæðunnar og þá sér í lagi stöðu og ásýnd aðildarháskólanna (HH) innan háskólasamstæðunnar. Báðar vinnustofurnar þóttu takast vel og var góð mæting starfsfólks. Samningur er í bígerð vegna styrks úr Samstarfi Háskóla sjóðnum sem fékkst í seinni hluta verkefnisins. Skýrslu hefur verið skilað vegna fyrri styrks. Upplýsingafundur með starfsfólki mannauðsteymis HÍ var haldin á Hólum þann 18. nóvember og var fín mæting frá starfsfólki HH. Fundurinn var bæði á staðnum og í streymi. Annars er vinna farin af stað í öllum starfshópum verkefnisins um myndun háskólasamstæðu. Mikil áhersla er á að opna á þjónustu fyrir nemendur HH í þjónustumiðju HÍ eins mikið og mögulegt er áður en stofnun háskólasamstæðu hefur átt sér stað. Nú þegar hefur verið opnað á sálfræðiþjónustu HÍ fyrir nemendur HH. Einnig er ráðgert að opna á fulla þjónustu Ritvers og Landsbókasafns um áramótin næstu. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða)“ fór í samráðsgátt stjórnvalda 29.10. 2025 og var til 9.11. 2025. Alls bárust 19 umsagnir. Frumvarpið var á dagskrá ríkisstjórnar Íslands 25.11. 2025.
6. Rektor fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Undirbúningsvinna á vegum FSRE vegna útboðs fyrir uppbyggingu á kennslu og rannsóknastöðu á Sauðárkróki fyrir áfanga 1 og 2 er í gangi. Áfangi 1. Lagareldishús á Sauðárkróki - 876 fm. Áfangi 2. Kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki – u.þ.b. 1500-2000 fm. Tillaga v/deiliskipulags v/áfanga 1 og 2 að Borgarflöt 35, Sauðárkróki hefur verið auglýst til umsagnar í Skiplagsgátt. Kynningartími er 26.11.2025 – 9.1.2026. Frumathugun og hönnun á nýju húsnæði Hestafræðideildar Háskólans á Hólum á Hólum í Hjaltadal hefur ekki hafist. Einnig hefur þarfagreining v/kaupa á Brúnastöðum ekki hafist. Vegna lélegra loftgæða á þriðju hæð aðalbyggingar HH mun starfsfólki stoðsviðs og Ferðamáladeildar standa til boða skrifstofurými á Faxatorgi á Sauðárkróki. Skrifað hefur verið undir leigusamning og er verið að undirbúa rýmið. Verið er að skoða að færa Hestafræðideild og kennslustofur í færanlegar húseiningar niður á hesthúsasvæði.
7. Rektor fór yfir stöðuna. Minnisblað frá framkvæmdahópi á vegum forsætisráðuneytisins um endurreisn Hóla í Hjaltadal fór fyrir ríkisstjórn Íslands í lok okt. Engar frekari fréttir af málinu nema að verið sé að vinna í verkefnum sem fram koma í minnisblaðinu. Minnisblaðið hefur ekki verið gert opinbert.
8. Fjárhagsáætlun HH 2026. Edda Matthíasdóttir kom inn á fundinn og fór yfir stöðu fjárlaga, reglugerð um reiknilíkan háskóla og aðferðafræði við dreifingu fjármagns innan HH. Aðferðafræðin við dreifingu fjármagns sem hefur verið í stöðugri og markvissri þróun síðustu ár hefur ásamt aukinni aðgreiningu í fjárhag skólans veitt grundvöll fyrir betri greiningar og upplýsta ákvarðanatöku. Það er því hægt að hefja



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

stefnumótandi samtal um drefingu fjármagns frá 2027 byggt á traustum gagnagrunni. EM upplýsti um að í tillögu til dreifingar væri svo kölluð dreifing til rektors hækkuð um 10 mkr milli ára, þar sem nú þegar sé ljóst að þörf verði á þeirri fjármögnun inn í Hestafræðideild. Aðrir þættir dreifingar rektors fylgi hefðbundnu ferli og verði ráðstafað samhliða lokagerð áætlunar. Háskólaráð samþykkti tillögu um drefingu fjármagns og veitir rektor umboð til að ljúka fjárhagsáætlanagerð á þeim forsendum sem eru í dreifingunni.

9. Önnur mál

- a) Erindi frá Erni Karlssyni barst skólanum 26.11. 2025 þar sem hann kærir ákvarðanir rektors til háskólaráðs Háskólans á Hólum. Móttaka erindis hefur verið staðfest. Málinu var frestað án umræðu þar sem ekki hefur gefist tími fyrir meðlimi háskólaráðs til að kynna sér efni kærunnar og framkominna gagna.

Fundi slitið kl. 16:45